



Spáum verulegri stýrivaxtalækkun

Við spáum því að Peningastefnunefnd Seðlabankans lækki stýrivexti um 1 prósentustig við næstu vaxtaákvörðun þann 20. maí.

Peningastefnunefnd Seðlabankans hefur þrívægis á þessu ári lækkað stýrivexti og nemur lækkunin samtals 1,25 prósentum. Í febrúar ákvað nefndin að lækka vexti um 0,25 prósentustig. Þegar efnahagsleg áhrif faraldursins fóru að koma betur í ljós voru vextir lækkaðir tvívægis með einnar viku millibili um miðjan marsmánuð, um 0,5 prósentustig í hvort skiptið. Meginvextir bankans í dag eru 1,75% og hafa þeir ekki áður verið lægri.

Verðbólga líklegast yfir markmið vegna gengisveikingar

Krónan hefur veikst töluvert á síðustu mánuðum og teljum við að öll áhrif þess séu ekki að fullu komin fram í verðlagi. Við teljum því að verðbólga muni aukast lítillega á næstu fjórðungum. Samkvæmt nýútkominni hagspá okkar mun verðbólgan fara upp fyrir markmið á þriðja ársfjórðungi og ná hámarki í 3,5% á fjórða fjórðungi ársins. Mikill framleiðsluslaki í hagkerfinu og lítills háttar styrking krónunnar á næsta ári mun leiða til þess að verðbólga lækkar niður í markmið á ný. Spá Hagfræðideildar gerir ráð fyrir að verðbólga komist aftur í markmið á fjórða ársfjórðungi á næsta ári og verði nálægt markmiði allt árið 2022.


Miklu máli skiptir að milda höggið sem mest

Seðlabankinn getur litið aðhafst til að bregðast við verðbóluprýstingi á næstu mánuðum vegna veikingar krónunnar. Þar hafa vaxtabreytingar engin áhrif. Eins er engin sérstök ástæða að viðhalda jákvæðum vaxtamun við útlönd við núverandi aðstæður af ótta við útstreymi fjármagns erlendra fjárfesta. Veglegur gjaldeyrisforði Seðlabankans getur auðveldlega mætt slíku útflæði ef það skyldi gera vart við sig.

Nú skiptir mestu máli að reyna milda það mikla efnahagslega högg sem Covid-19 faraldurinn skilur eftir sig. Í ljósi mikils umfangs ferðaþjónustu í útflutningi landsins þá er íslenska hagkerfið mjög útsett fyrir neikvæðum efnahagslegum áhrifum af

	Lagt til	Með	Móti	Niðurst.	Meginv.
6.2.2019	óbr.	5		óbr.	4,50
20.3.2019	óbr.	5		óbr.	4,50
22.5.2019	-0,50	5		-0,5	4,00
26.6.2019	-0,25	4	þGP (óbr.)	-0,25	3,75
28.8.2019	-0,25	5		-0,25	3,50
2.10.2019	-0,25	5		-0,25	3,25
6.11.2019	-0,25	5		-0,25	3,00
11.12.2019	óbr.	5		óbr.	3,00
5.2.2020	-0,25	4	GZ (óbr.)	-0,25	2,75
11.3.2020	-0,50	5		-0,50	2,25
18.3.2020	-0,50	5		-0,50	1,75
20.5.2020					
26.8.2020					
7.10.2020					
18.11.2020					

Heimild: Seðlabanki Íslands



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans




viðbrögðum heimsins við faraldrinum. Allt stefnir í að efnahagsleg áhrif faraldursins verði mjög mikil hér á landi og bendir flest til þess að um metsamdrátt í landsframleiðslu verði að ræða á yfirstandandi ári. Mikil óvissa ríkir um næstu ár og þá hvort að um verði að ræða V-, U- eða L-laga hagþróun. Í því sambandi skiptir miklu máli að Seðlabankinn leiti allra leiða til þess að styðja við hagkerfið.

Mikill gjaldeyrisforði gefur Seðlabankanum svigrúm til mjög lágra vaxta


Gjaldeyrismarkaðurinn er mjög grunnur borið saman við flest önnur ríki og því þarf oft lítið til að verðþróun í aðra áttina verði mun meiri en efni standa til. Yfirlýst markmið Seðlabankans er enn sem komið er fyrst og fremst að koma í veg fyrir slíkt en ekki að viðhalda ákveðnu gengi. Sú stefna er þó ekki grafin í stein og hefur Seðlabankinn í sjálfu sér fulla heimild til þess að beita forðanum verði t.d. mikil gengisveiking vegna óvænts útlæðis gjaldeyris.

Raungengi krónunnar var nú í apríl 80,4 vísitölustig og hefur ekki verið lægra síðan í ágúst 2015. Í uppsveiflunni síðustu ár fór raungengið hæst í tæplega 106 stig í júní 2017.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans var í lok apríl 970 ma.kr. Það er rétt rúmlega tvöfalt hærra upphæð en heildarútlutningur íslenskrar ferðaþjónustu á síðasta ári. Þessi mikli forði ætti að veita verðbólguvæntingum mikla kjölfestu og gefur Seðlabankanum þar með svigrúm til að lækka stýrivexti langt umfram það sem hann gæti ef lítill sem enginn forði væri til staðar.



Heimild: Seðlabanki Íslands



M.v. mælikvarða verðlags
Heimild: Seðlabanki Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.